



Fundargerð Bogfiminefndar ÍSÍ

2. Fundur haldinn í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 24.01.2017 kl. 21:20

Fundinn sátu: Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Indriði R. Grétarsson, Margrét Einarsdóttir og Ólafur Gíslason

Fundargerð ritaði: Ólafur Gíslason

Haraldur og Indriði tengdust í gegnum fjarfundarbúnað (Skype) á fundinum.

1. Skipulagning Íslandsmóts innanhúss

Rætt var um skipulagningu mótsins og bauð Margrét sig fram til að stjórna skipulagningu mótsins. Nefndin samþykkti boð Margrétar einróma.

Mótið verður haldið 18. - 19. mars í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 2, 104 Rvk.

Einnig var rætt um að skipulagning mótsins myndi leggja grunninn að því að komandi mótanefnd myndi geta séð alfarið um Íslandsmótið utanhús seinna í ár.

2. Leiðbeinandi rammi um verkefni undirnefnda

Guðmundur kynnti mögulega útfærslu á leiðbeinandi ramma sem er ætlað að skilgreina hlutverk undirnefnda og auðvelda þeim vinnuna.

Nokkrar athugasemdir komu fram fyrir fundinn, sem hafa verið skoðaðar og rammanum breytt í samræmi við þær.

Rætt var um vottunarferli þjálfara og tengingu þjálfara-vottunar ÍSÍ við World Archery.

Tillaga var sett fram um að þjálfaranefndin myndi vinna í að skoða möguleg vottunarferli þjálfara. Tillagan var samþykkt einróma.

3. WA Coach Development Program

Guðmundur fór yfir samskipti sín við Pascal hjá World Archery og lýsti mögulegri þjálfara-áætlun sem Pascal taldi heppilega.

Tillaga lögð fram að þjálfaranefnd haldi samskiptum áfram við World Archery um framkvæmd áætlunarinnar og breytingar ef þess er þörf. Tillagan var samþykkt einróma.

4. Önnur mál

a. Reykjavík International Games

Margrét tilkynnti að undurbúningur RIG gangi vel fyrir sig.

Fundi slitið kl. 22:30

3. Fundur Bogfiminefndar ÍSÍ verður haldinn þann 7. febrúar kl. 21:15